

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 30. fundur.

að Hlíðavegi 6, 8. 1. 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

- | | |
|----|---|
| 1. | Fundarsetning. |
| 2. | Erindi frá Örnefnanefnd. |
| 3. | Frh. fyrri umræðu um fjárhagsáætlun 2004. |

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Erindi frá Örnefnanefnd.

Meginmál erindisins fer hér á eftir:

Borist hefur erindi frá Örnefnanefnd. lögum samkv. ber Örnefnanefnd að úrskurða um hvaða örnefni verða sett á landakort sem út eru gefin á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni.

Til nefndarinnar hefur verið skotið þeim ágreinings- eða álitaefnum hvort setja eig á slík landakort:

- 1) örnefnið Jökuldalur eða Nýidalur, sunnan við Tungnafellsjökul;
- 2) örnefnið Locksfell eða Lokatindur, norðnorðvestur af Öskju;
- 3) örnefnið Wattsfell eða Vatnsfell, sunnan við Öskju.

Hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi komi, gefst færi á að kynna örnefnanefnd álit sitt. Ábendingum skal skila til örnefnanefndar, Lynghálsi 7, 210 Garðabæ, eigi síðar en 31. janúar 2004.

Sveitarstjórn hvetur þá sem telja sig búa yfir upplýsingum um framangreind örnefni til að hafa samband við Örnefnanefnd.

3. Framhald fyrri umræðu um fjárhagsáætlun 2004.

Farið var yfir rekstrarþætti áætlunarinnar. Samþykkt samhljóða að vísa áætluninni til síðari umræðu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.